

Breiðabólstaðartorfa í Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði Húsakönnun

1 Inngangur

Á Breiðabólstaðartorfu eru bæirnir Breiðabólstaður, Gerði og Hali.

Breiðabólstaður er nefndur í Landnámabók og ætla má að þar hafi verið búið æ síðan.

Búseta í Gerði er þekkt frá byrjun átjándu aldar og á Hala frá því tæpri öld síðar.

Bæirnir standa á sléttu landi sem hallar til suð-austurs frá fjallsrótum Steinafjalls fram á bakka Breiðabólstaðarlóns. Heimalöndin eru gróin, að hluta tún og að hluta jarðvegsrýrari grónir melar.

Á Breiðabólstaðartorfu er stundaður sauðfjárbúskapur og fjölbreytt ferðaþjónusta – gisting og greiðasala, ferðaleiðsögn, og þar er þjóðþekkt fræðasetur, Þórbergssetur.

Á torfunni er allmikil byggð margvíslegra húsa sem byggð hafa verið á síðustu 9 áratugum.

Byggðin er fremur sundurleit, íbúðarhús frá ýmsum tímum og nokkrar gerðir og „kynslóðir“ útihúsa fyrir fjölbreyttan búskap, gerð að hætti byggingartímans.

Elstu húsin eru gömlu íbúðarhúsin á Breiðabólstað og Hala, byggð 1934 – síðar stækkuð og breytt, og útihús frá sama tíma.

Gamli bærinn á Hala er áhugavert hús frá sjónarhóli byggingarlistar og byggingarsögu, tvílyftur steinsteyptur burstabær. Það er byggingarlag frá ákveðnu skeiði í húsasögu Íslands sem setti mark sitt á sveitir Austur-Skaftafellssýslu, en mörg þeirra húsa eru horfin eða hafa verið fordjörfuð.